

Stofnun nýrrar námskrárdeildar

Menntamálaráðherra hefur ákveðið að setja á fót námskrárdeild í ráðuneytinu. Deildin tók til starfa 1. október síðastliðinn. Verkefni sem deildinni eru falin hafa til þessa legið að mestu hjá grunnskóla- og leikskóladeild og framhaldsskóla- og fullorðinsfræðsludeild en heildarendurskoðun námskráa sem farið hefur fram með nokkurra ára millibili hefur hins vegar verið falin sérstakri stjórn.

Með stofnun námskrárdeildar er stefnt að því að gera umfjöllun um námskrármál markvissari en verið hefur auk þess sem fjallað verður með ítarlegri hætti um mál sem áður hafa setið á hakanum eða vísað til væntanlegrar heildarendurskoðunar námskrár.

Verksvið deildarinnar tekur til leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla og tónlistarskóla. Einnig mun deildin annast námskrárgerð fyrir fullorðinsfræðslu ef um sérstök verkefni verður að ræða á því sviði.

Helstu verkefni deildarinnar verða eftirfarandi:

1. Að fylgjast með framkvæmd námskráa, hafa frumkvæði að breytingum á námskrám, taka við tillögum um nýjar námskrár og breytingar á gildandi námskrám og leggja mat á slíkar tillögur. Sjá um samskipti við starfsgreinaráð að því er varðar verkefni á sviði námskrárgerðar. Námskrárdeild

geri menntamálaráðherra grein fyrir stöðu námskrármála og leggur tillögur sínar fyrir hann að höfðu samráði við skrifstofustjóra skrifstofu menntamála- og vísinda.

2. Að afla upplýsinga frá skólum og einstökum kennurum um framkvæmd námskráa, um æskilegar lagfæringar og ekki síður um það sem vel hefur gefist.

3. Að safna ábendingum og tillögum um breytingar á námskrám. Slíkar tillögur geta komið frá kennurum, fagfélögum kennara, heildarsamtökum kennara og skólastjórnenda, samtökum í atvinnulífinu, háskólum, starfsgreinaráðum, viðkomandi fagráðuneytum svo og öðrum sem áhuga hafa námskrármálum og skólastarfi.

4. Að taka þátt í stefnumótun varðandi framboð náms og námsskipan; athuga sérstaklega inntak náms og lengd náms tíma með hliðsjón af markmiðum námsins og með hliðsjón af skipulagi sambærilegs náms erlendis.

5. Að annast kynningar á námskrám eða skipuleggja þær í samvinnu

við hlutaðeigandi fagdeildir.

6. Að leiðbeina skólum um gerð skólánámskráa og hafa tiltækir fyrirmyndir sem skólar geta farið eftir.

7. Að svara fyrirspurnum um námskrármál og úrskurða um álitaeftni.

Deildarstjóri námskrárdeildar er Hörður Lárusson en hann hefur að undanfögnu starfað sem ráðgjafi menntamálaráðherra um málefni framhaldsskóla. Aðrir starfsmenn námskrárdeildarinnar eru Elín Skarphéðinsdóttir, stjórnarráðsfulltrúi, Krístrún Ísaksdóttir, deildarsérfræðingur og Ólafur Jónsson, deildarsérfræðingur.



Nemendur í Hofstaðaskóla

Ráðstefna Norrænu ráðherranefndarinnar um fjármögnun háskólamenntunar

Þegar Íslendingar fóru með forystu í norrænu samstarfi á síðasta ári var ákveðið að halda þrjár ráðstefnur um menntamál. Síðasta ráðstefnan í röðinni fjallaði um fjármögnun háskóla og var haldin 3. og 4. apríl árið 2000 í Reykjavík.

Undirbúningur ráðstefnunnar var í höndum Norrænu ráðherranefndarinnar og menntamálaráðuneytisins. Til ráðstefnunnar voru fengnir fyrirlesarar frá Hollandi, Bretlandi og Kanada, ásamt fyrirlesurum frá Norðurlöndunum.

Björn Bjarnson, menntamálaráð-

herra, setti ráðstefnuna og flutti ávarp. Hann sagði m.a. að í umræðunni um fjármögnun háskólastigsins stundi stjórnendur menntamála í ólíkum heimshlutum andspænis sömu spurningunni: Hvað er til ráða, þegar spurn eftir háskólamenntun heldur stöðugt áfram að aukast samtímis því sem lagt er að stjórnvöldum að sýna verulegt aðhald í útgjöldum sínum? Hann sagði að menn yrðu að vege og meta allar leiðir í fjármögnun. Í sumum löndum er því ákaflega illa tekið á pólitískum vettvangi þegar vakið er

máls á skólagjöldum. Annars staðar líta menn á það sem eðlilegan og sjálfsgöðan hlut að háskólanemar stundi undir verulegum hluta af kostnaði við nám sitt. Erlendir fyrirlesarar kynntu ýmsar leiðir til fjármögnunar háskólastigsins í sínum heimalöndum og er hægt að fá samantekt ráðstefnu og fyrirlestra í skýrslu útgefni af Norrænu ráðherranefndinni. Skýrslan ber heitið: „Financing of Higher Education. Report from the Nordic Theme Conference. April 2000, Reykjavik, Iceland“.

Nýtt á vef menntamálaráðuneytisins

Skólar og almenningsbókasöfn

Notendur vefs menntamálaráðuneytisins geta nú farið inn á slóðina <http://mrn.stjr.is/mrn/mrn.nsf/pages/stofnanir> og

fengið þar aðgang að gagnagrunni ráðuneytisins sem geymir upplýsingar um leik-, grunn-, framhalds-, tónlistar- og háskóla og almenningsbókasöfn. Þar eru upplýsingar um heimilisfang, síma, bréfasíma, netfang og veffang, skólastjóra eða forstöðumann viðkomandi stofnunar eftir því sem við á.

Nefndir


Nefndaskrá menntamálaráðuneytisins er nú aðgengileg á slóðinni <http://bella.mrn.stjr.is/nefndaskra/>. Þar má finna upplýsingar um heiti nefnda ráðuneytisins og nöfn nefndarmanna, stöðu þeirra og tilnefningaraðila.

Lög gildandi reglugerðir, samningar o.fl.

Öll lög, reglugerðir, reglur o.þ.h. sem varða mennta- og menningarmál má finna á slóðinni <http://mrn.stjr.is/mrn/logogregl.nsf/logogregl-flokkar>. Þar má leita eftir tegundum (þ.e. lög, reglugerðir, reglur o.s.frv.) annars vegar og hinsvegar eftir flokkum (menntun, menning, annað), ártali eða efnisorðum.

Fréttabréf menntamálaráðuneytis,
10. árg. 2. tbl. október 2000
Ábyrgðarmaður: Guðriður Sigurðardóttir
Ritstjóri: Steinunn Jónasdóttir
Útlitshönnun: Fítón • hh
Útg. Menntamálaráðuneytið,
Sölvhólgötu 4, 150 Reykjavík
Netfang: postur@mrn.stjr.is
Veffang: www.mrn.stjr.is
Prentun: Gutenberg

 www.mrn.stjr.is



MENNTUN ER SKEMMTUN

4. – 10. september 2000

Vika símenntunar

Menntamálaráðuneytið stóð fyrir viku símenntunar í byrjun september. Markmið vikunnar var að hvetja fólk með stutta skólagöngu að baki til að auka við þekkingu sína og færni. Slagorð átaksins var „Menntun er skemmtun“.

Þórir Hrafnsson er formaður Verkefnisstjórnar um símenntun. Hann var beðinn um að segja frá viku símenntunar.

Vika símenntunar er haldin í fyrsta sinn í ár. Í fyrra var haldinn dagur símenntunar í Háskólanum í Reykjavík og var gríðarlega vel sóttur. Í ár var ákveðið að hafa þetta viku símenntunar. Okkar markhópur eru þeir sem minnsta menntun hafa. Ástæðan fyrir því að við völdum þann hóp er sú að þetta er það fólk sem erfiðast á með að sækja símenntun. Rannsóknir hafa leitt í ljós að þeir sem hafa hærra menntunarstig sjá um sín menntunarmál sjálfir og þeir sem minni menntun hafa eru ólíklegri til að afla sér símenntunar.

Hvernig er málum háttað hjá fyrirtækjunum sjálfum?

Við komumst að því að sum fyrirtæki með starfsmenn sem hafa litla menntun spyrja: „Af hverju á ég að veita mínum starfsmanni sem hefur litla menntun aukna menntun? Hvað hefur þetta að segja fyrir mitt fyrirtæki?“ Þetta er spurning sem kemur fram hjá mjög mörgum. Staðan er hins vegar sú að það er mikil eftirspurn eftir góðu starfsfólki og sá sem gerir ekkert fyrir sitt starfsfólk er líklegri en aðrir til að vera með óánægt starfsfólk og að starfsfólkið segi upp störfum vegna þessarar meintu óánægju. Það er hagur fyrirtækisins að

vera með ánægt og vel menntað starfsfólk.

Er þörf á svona viku?

Já tvímælalaust. Það sem við erum að gera er kannski ekki að leysa nein mál, heldur frekar að plægja jarðveginn fyrir frjóar umræður og úrlausnir. Við erum almennt ánægð með hvernig til tókst, við erum líka alltaf að átta okkur á hvað má fara betur. Grunnhugmyndin var að fara inn í fyrirtækin með ákveðna dagskrá en við ákváðum að snúa frá þeirri hugmynd og láta fyrirtækin vera með eigin dagskrá. Þannig hefst vinnan innan frá. Þetta tókst víða mjög vel enda eru mörg fyrirtæki að vinna frábært starf varðandi símenntun og skal þeim hér með þakkað fyrir það. Umræðan um gildi menntunar er alltaf að aukast í þjóðfélaginu og fólk er farið að gera sér betur grein fyrir mikilvægi þess að mennta sig vel.

Hver er framtíð símenntunar?

Ákveðið var að halda dag eða viku símenntunar í fimm skipti og þá eru þrjú skipti eftir. Eftir þann tíma verður staðan metin enda eru menn að vinna eftir ákveðnum markmiðum. Við viljum sjá alvöru úrræði standi fólki til boða að sækja sér menntun, við viljum að það verði komið á föstu kerfi hvernig námskeið og nám er metið áfram inn í skólakerfið og við viljum að öll þessi fjölbreytta flóra í námskeiðshaldi og símenntunartilboðum sem nú þegar eru til staðar í þjóðfélaginu verði kortlögð. Til þess að þetta gerist verður krafturinn að koma frá fólkinu sjálfu. Vika símenntunar fær fólk til að hugsa um sín mál, hvort sem „þeirra mál“ þýðir fyrirtækið þeirra eða þeirra persónulega staða. Fólk er alls staðar að tala um símenntun, sagði Þórir að lokum.

Samningur um rekstur myndlistarmenntunar og leiklistarmenntunar á háskólastigi undirritaður



Björn Bjarnason menntamálaráðherra, og Hjálmar H. Ragnarsson, rektor Listaháskóla Íslands, undirrituðu laugardaginn 3. júní 2000 samning um rekstur myndlistar- og leiklistarmenntunar á háskólastigi. Undirritunin fór fram við útskrift nemenda úr Listaháskóla Íslands í Tónlistarhúsi Kópavogs. Í yfirlýsingunni var kynnt áætlun sem gerir ráð fyrir að uppbyggingin fari fram í þremur áföngum:

1. Myndlistarmenntun hefjist á vegum Listaháskóla Íslands frá og með 1. ágúst 1999, með því að menntun sem fram hefur farið á vegum Myndlista- og handiðaskóla Íslands fari fram óbreytt á vegum Listaháskóla Íslands á skólaárinu 1999-2000. Starfrækslu Myndlista- og handiðaskóla Íslands verði hætt frá sama tíma.
2. Leiklistarmenntun á háskólastigi hefjist á vegum Leiklistarskóla Íslands frá og með 1. ágúst 2000 og verði starfrækslu Leiklistarskóla Íslands hætt frá og með sama tíma.
3. Tónlistarmenntun hefjist á vegum Listaháskóla Íslands eigi síðar en 1. ágúst 2001 að undangengnum viðræðum við þá tónlistarskóla sem veitt hafa

slíka menntun og fengið til þess fjárframlög eða styrkveitingar frá ríkinu.

Með undirritun samningsins hafa ráðuneytið og skólinn náð 2. áfanga áætlunarinnar. Listaháskóli Íslands mun samkvæmt samningnum bjóða upp á þriggja ára nám, þ.e. 90 eininga nám, sem mun ljúka með BA-prófi úr myndlistardeild og fjögurra ára nám, þ.e. 120 eininga nám, sem mun ljúka með BFA-prófi úr leiklistardeild. Gert er ráð fyrir að heildarfjöldi nemenda í myndlistardeild verði 180 og að heildarfjöldi nemenda í leiklistardeild verði 24. Framlag ríkisins vegna kennslu er samkvæmt samningnum áætlað um 268 milljónir króna skólaárið 2000 - 2001.

Undirritun þjónustusamnings við Háskólann í Reykjavík

Björn Bjarnason, menntamálaráðherra, Geir H. Haarde, fjármálaráðherra, Guðfinna S. Bjarnadóttir, rektor Háskólans í Reykjavík, og Sverrir Sverrisson, formaður háskólaráðs, undirrituðu í lok máí síðastliðinn í fyrsta sinn samning um kennslu til fyrsta háskólaprófs á sviði viðskiptafræða og tölvunarfræða við Háskólann í Reykjavík, ásamt yfirlýsingu um rannsóknar-, þróunar- og nýsköpunarverkefni við skólann.

Tilgangur samningsins er að tryggja rekstrargrundvöll skólans þannig að hann sé svipaður þeim skólum sem bjóða sambærilegt nám. Með undirritun hans hafa samningsaðilar markað skýra stefnu til þriggja ára um samskipti yfirvalda menntamála og Háskólans í Reykjavík en gert er ráð fyrir að nem-

endum í skólanum fjölgi að hámarki um 500 árið 2000 í 900 árið 2003. Framlag ríkisins vegna kennslu er samkvæmt samningnum áætlað um 212 milljónir króna árið 2000. Samningurinn byggist á reglum um fjárveitingar til háskóla skv. 20. gr. laga nr. 136/1997 sem gera ráð fyrir að ríkissjóður greiði hverjum háskóla, sem semur við menntamálaráðuneytið, árlegt framlag vegna sérhvers

nemanda sem stundar nám til viðurkenndra námsloka.

Samhliða undirritun samnings um kennslu var gefin út yfirlýsing um rannsóknar-, þróunar- og nýsköpunarverkefni í Háskólanum í Reykjavík. Um er að ræða 20 milljóna króna framlag ríkisins á árinu 2000 sem sérstaklega er ætlað að fjármagna þróunarverkefni kennara skólans.



Menningardagskrá Íslands á heimssýningunni EXPO 2000 í Hannover

Þjóðardagur Íslands á heimssýningunni EXPO 2000 í Hannover var haldinn þann 30. ágúst síðastliðinn. Menntamálaráðuneytið stóð fyrir veglegri menningardagskrá með þátttöku um 160 listamanna og var þeim afar vel tekið af gestum.

Við upphaf þjóðardagsins söng Karlaóórinn Heimir íslensk lög auk þjóðsöngva Íslands og Þýskalands. Að loknum ávörpum söng Bergþór Pálsson nokkur íslensk lög við undirleik Önnu Guðnýjar Guðmundsdóttur. Þátttaka íslenskra hesta í opnunardagskránni vakti mikla athygli og gafst gestum kostur á að kynna gangi íslenska hestsins við skála Íslands á EXPO.

Þjóðleikhúsið sýndi Sjálfstætt fólk - Bjart og Ástu Sóllilju í borgarleikhúsinu í Hannover við mikinn fögnuð áheyranda. Miklu færri komust að en vildu. Einnig var sett upp farandsýning um verk og ævi Halldórs Laxness í anddyri leikhússins. Þetta var víðamesta verkefnið á menningardagskránni.

Í tónleikahúsi EXPO 2000 var boðið upp á tvenna tónleika. Síðdegis söng Karlaóórinn Heimir íslensk lög og um kvöldið lék Kammersveit Reykjavíkur verk eftir m.a. Atla Heimi Sveinsson, Jón Leifs, Pál Pampichler Pálsson og Þorkel Sigurbjörnsson. Báðir tónleikarnir voru vel sóttir og listamönnum var vel fagnað.

Guitar Islancio lék fyrir gesti við skála Íslands og einnig í móttöku sem haldin var fyrir gesti í leikhúsinu. Í skálanum voru *Örsögur úr Reykjavík* - stuttmynd með þremur dansverkum íslenskra höfundu - sýndar nokkrum sinnum.

Ungir listamenn stóðu fyrir dagskrá á útsviði í hjarta heimssýningarsvæðisins að kvöldi þjóðardagsins. Dansleikhús með ekka sýndi verkið *Ber* sem fjallar um einelti, ofbeldi og útskúfun.

Íslensk fatahönnun var kynnt þar sem boðið var upp á hluta af tiskusýningunni *Futurice* í umsjón Eskimo models. Dagskránni lauk svo með tónleikum hljómsveitarinnar Sigur Rósar. Fjöldi gesta fylgdist með dagskránni. Einnig var þéttsetinn bekkurinn á frumsýningu kvikmyndarinnar *Englar alheimsins* sem sýnd var um kvöldið á stóru útitjaldi á EXPO kvikmyndahátíðinni.

Reykjavík - menningarborg 2000 lagði menningardagskránni lið þar sem Guitar Islancio, Futurice og Örsögur úr Reykjavík eru á dagskrá hennar.



Félagsstarf metið til fjár - bætt menntun, betra starf

Menntamálaráðuneytið og Æskulýðsráð ríkisins stóðu fyrir ráðstefnu undir yfirskriftinni „Félagsstarf metið til fjár - bætt menntun, betra starf“ þann 18. maí síðastliðinn. Um hundrað manns mættu á ráðstefnuna sem Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, alþingismaður, stýrði. Þar var rætt um mikilvægi menntunar leiðbeinenda, tilgang félags- og tómsundastarfs og gildi þess. Auk þess var spurt hvort það skilaði þátttakendum raunverulegum ávinningi, til dæmis þegar út á vinnumarkaðinn er komið.

Björn Bjarnason, menntamálaráðherra, ávarpaði ráðstefnugesti en að því

loknu kynnti Þórólfur Þórlindsson, prófessor, niðurstöður nýrrar könnunar um áhrif þátttöku í íþrótt- eða tómsundastarfi á börn. Ari Edwald, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, talaði um hvort tímanum hefði verið vel varið í tómsundastörf. Hann sagðist telja svo vera, og reynsla hans af félagsstörfum væri enn að koma honum að gagni í starfi. Helgi Grímsson, fræðslustjóri Bandalags íslenskra skáta, ræddi um gildi óformlegrar menntunar, Ólafur Proppé, rektor KHÍ, talaði um menntun fólks í félags- og tómsundastarfi og Sölvi Sveinsson, skólameistari Fjölbautaskólans í Ármúla, um hlutverk

framhaldsskólans. Sigurður Albert Ármannsson, frá UMFÍ, kynnti athugun sem ÆRR gerði meðal nokkurra sveitarfélaga og æskulýðssamtaka á menntun og kröfum til menntunar leiðbeinenda í félags- og tómsundastarfi á þeirra vegum.

Umraðuhópar settust síðan á rökstóla og ræddu markaðssetningu tómsundastarfs, formlega og óformlega menntun, hvað félögin gætu lagt af mörkum til samfélagsins og hlutverk ríkis og sveitarfélaga. Hægt er að nálgast niðurstöður vinnuhópa á heimasíðu www.mrn.stjr.is

Listaverkagjöf frá Slóveníu til Íslendinga

Menntamálaráðherra, Björn Bjarnason, tók við listaverkagjöf frá Slóveníu við háttilega athöfn í Listasafni Íslands 8. júní s.l. Hún var færð sem þakklætisvottur slóvensku þjóðarinnar til Íslendinga fyrir stuðning þeirra við stofnun slóvenska lýðveldisins árið 1991.

Við afhendinguna sagði Björn Bjarnason menntamálaráðherra m.a. að gjöfin væri merki um farsæl samskipti milli Íslands og Slóveníu og vonaði að ríkin myndu áfram eiga góð samskipti. Sendiherrann Andrej Logar lagði áherslu á að gjöfin væri frá listamannin-



Björn Bjarnason, menntamálaráðherra, Andrej Logar, sendiherra og Leopold Oblak.

Gjöfin var 15 grafíkmyndir eftir listamanninn Leopold Oblak. Listamaðurinn og Rotaryklúbbur hans í Portoroz í Slóveníu höfðu frumkvæði að því að færa Íslendingum þessa gjöf. Henni var komið á framfæri fyrir milligöngu menningarmálaráðherra Slóveníu, sendiherra Slóveníu á Íslandi, sem hefur aðsetur í Danmörku, og Rotaryklúbbs Reykjavíkur. Viðstaddir athöfnina voru höfundur verkanna, Leopold Oblak, Björn Bjarnason, menntamálaráðherra, Andrej Logar, sendiherra, og fylgdarlið þeirra auk fulltrúa Rotary í Portoroz og Reykjavík. Verkin voru sýnd í Listasafni Íslands í sumar og verða varðveitt þar.

um sjálfum en um leið tákni um þakklæti allrar slóvensku þjóðarinnar. Í ávarpi sínu sagði listamaðurinn, Leopold Oblak, að þegar Íslendingar viðurkenndu Slóveníu sem sjálfstætt og fullvalda ríki hafi hann orðið þeim mjög þakklátur og ákveðið að færa þeim gjöf.

Myndirnar sem gefnar voru túlka mannlif og náttúru í Karst í Slóveníu. Leopold Oblak er fæddur í Bled í Slóveníu árið 1931. Hann hefur sýnt verk sín víða um Evrópu og mörg þeirra eru í eigu opinberra safna og einkasafna þar og í Bandaríkjunum. Auk þess hefur hann hlotið fjölda alþjóðlegra viðurkenninga fyrir list sína.

Nýir embættismenn



Þjóðminjavörður

Margrét Hallgrímsdóttir hefur verið skipuð þjóðminjavörður til fimm ára frá 12. apríl 2000. Margrét er fornleifafræðingur og sagnfræðingur að mennt og starfaði áður sem borgarminjavörður. Hún hefur einnig starfað við stundakennslu í Háskóla Íslands og setið í fornleifanefnd frá 1989.



Rektor

Háskóla Íslands

Páll Skúlason hefur verið endurskipaður rektor Háskóla Íslands til fimm ára frá 5. september 2000. Páll var skipaður prófessor í heimspeki árið 1975 og starfaði sem slíkur áður en hann tók við embætti rektors. Einnig hefur Páll gegnt ýmsum stjórnunarstörfum innan Háskóla Íslands og utan, auk þess sem hann hefur gefið út nokkur rit og stundað rannsóknir.



Forstöðumaður

Íslenskrar málstöðvar

Ari Páll Kristinsson hefur verið skipaður forstöðumaður Íslenskrar málstöðvar til fimm ára frá 1. september 2000. Ari Páll lauk cand. mag. prófi í íslenskri málfræði frá Háskóla Íslands 1987. Hann hefur viðtæka reynslu af málfræðing og stjórnunarstörfum auk þess að hafa stundað rannsóknir og gefið út fjölmörg fræðirit og greinar. Ari Páll hefur áður gegnt embætti forstöðumanns Íslenskrar málstöðvar tímabundið, auk annarra fræðistarfa. Hann hefur m.a. verið málfræðunautur Ríkisútvarpsins og setið í framkvæmdanefnd Dags íslenskrar tungu.

Samningar um stuðning við starfsemi CAPUT og Kammersveitar Reykjavíkur

Davíð Oddsson, starfandi menntamálaráðherra, undirritaði samninga um stuðning við starfsemi tveggja tónlistarhópa, CAPUT og Kammersveitar Reykjavíkur, þann 12. júlí síðastliðinn.

Samningarnir gilda hvor um sig til 31. desember 2002. Er þetta í fyrsta skipti sem slíkir samningar eru gerðir við tónlistarhópa en hingað til hafa þessir hópar fengið styrki til ákveðinna verkefna. Tilgangurinn með samningunum er að skjóta styrkari stoðum undir starfsemi tónlistarhópanna, sem skapað hafa sér sérstakan sess í íslensku tónlistarlífi, og gera þeim betur kleift að skipuleggja starf sitt til lengri tíma. Samkvæmt samningunum eiga hóparnir að halda árlega ákveðinn fjölda tónleika á Íslandi, starfa með öðrum aðilum að flutningi á íslenskum og erlendum tónverkum hér heima eða erlendis og taka þátt í útgáfu á hljómdiskum. Á samningstímanum leggur menntamálaráðuneytið CAPUT til 2 milljónir króna og Kammersveit Reykjavíkur 3,5 milljónir króna á ári í beinum fjárframlögum.

Kammersveit Reykjavíkur hefur í aldarfjórðung starfað ötullega að því að flytja kammertónlist frá ýmsum tímasteiðum,

bæði barokktónlist og nútímatónlist. Sveitin hefur frumflutt fjölda kammerverka á Íslandi og mörg tónskáld, bæði íslensk og erlend, hafa samið verk fyrir hana. Sveitin heldur árlega nokkra tónleika á Íslandi og hefur oft komið fram á Listahátíð í Reykjavík. Kammersveitin hefur haldið fjölda tónleika erlendis á starfsferli sínum og kynnt erlendum áheyrendum íslensk tónverk.

Tónlistarhópurinn CAPUT hefur starfað í rúm 10 ár. Hann hefur einbeitt sér að flutningi og upptökum á samtímatónlist. Mörg tónskáld hafa samið tónverk fyrir sveitina og hópurinn hefur sjálfur pantað fjölda verka eftir íslensk og erlend tónskáld til frumflutnings hér á landi og erlendis. Á þessu ári frumflytur CAPUT um 12 ný tónverk sem eru sérstaklega samín fyrir hópinn. Árlega heldur CAPUT nokkra tónleika á Íslandi og erlendis og vinnur að hljóðritunum. Frá árinu 1997 hefur CAPUT verið í samstarfi við BIS útgáfuna í Svíþjóð um útgáfu geisladiska.

Samningana er að finna á heimasíðu menntamálaráðuneytisins á slóðinni www.mrn.stjr.is, nánar tiltekið undir lögum og reglugerðum.



Nýtt starfsfólk menntamálaráðuneytisins



Gerður Jóhanna Jóhannsdóttir

hefur verið ráðin sem stjórnarráðsfulltrúi á almennum sviði. Verkefni hennar er m.a. aðstoð við heimasíðu-

gerð, útgáfu- og upplýsingamál. Gerður hefur stundað nám í bókasafns- og upplýsingafræði við Háskóla Íslands og jafnframt unnið hjá Skólasafnamiðstöð Reykjavíkur og á aðalsafni Borgarbókasafnsins. Hún hefur síðastliðna 9 mánuði starfað í átaksverkefni á skjallasafni menntamálaráðuneytisins.



Guðriður Torfadóttir

hefur verið ráðin sendill menntamálaráðuneytisins. Starf hennar felst m.a. í því að sjá um pósthjónustu á veg-

um ráðuneytisins og önnur sendlastörf. Guðriður útskrifaðist úr Fjölbrautaskólanum í Breiðholti vorið 2000. Hún starfaði áður sem stuðningsfulltrúi á Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra.



Jórunn Tómasdóttir

hefur verið ráðin sem verkefnastjóri Evrópsks tungumálaárs 2001. Hún er með BA próf í frönsku, ensku

og uppeldis- og kennslufræði frá Háskóla Íslands, Licence de FLE frá Sor-

bonne Diplôme de littérature et de culture modernes frá Sorbonne og MA próf í kennslufræði frönsku sem erlends tungumáls frá háskólanum í Stokkhólmi. Jórunn hefur síðastliðin 25 ár unnið við námsgagnagerð og fararstjórn, auk kennslu hér á landi sem erlendis.



Már Vilhjálmsson

hefur verið ráðinn sérfræðingur á framhaldsskóla- og fullorðinsfræðsludeild. Hann lauk BS prófi í jarðfræði

frá Háskóla Íslands 1981 og Cand. scient. í jarðfræði frá Háskólanum í Kaupmannahöfn 1985. Auk þess hefur Már próf í uppeldis- og kennslufræði frá Háskóla Íslands. Árið 1996 stundaði hann nám við California State University í Los Angeles í tölvuumbroti.

Síðastliðin ár hefur Már verið deildarstjóri við Fjölbrautaskólann í Garðabæ auk kennslu við sama skóla. Hann hefur verið formaður Hagsmunanefndar HÍK og starfað að margvíslegum málefnum er varða hagsmuni opinberra starfsmanna.



Sigríður Rúna Þrastardóttir

hefur verið ráðin sérfræðingur í fjárhagsdeild menntamálaráðuneytisins. Starfssvið hennar er á vettvangi

fjárlagagerðar, árangursstjórnunarsamninga, reiknilíkans, rekstraráætla og annars er varðar fjárhagshlið skólasam-

inga framhaldsskólanna. Sigríður er stúdent frá Menntaskólanum í Reykjavík og lýkur Cand. oecon. prófi í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands í október 2000. Sigríður starfaði áður í markaðsdeild SR-mjöls hf og Íslandsbanka hf.



Arnbjörg Valgerður Ragnarsdóttir

hefur verið ráðin í afgreiðslu menntamálaráðuneytisins. Hún lauk stúdentsprófi frá Menntaskólan-

um við Hamrahlíð 1974 og starfaði sem kennari við barnaskólann Laugum í Reykjadal í eitt ár. Arnbjörg lauk BA prófi í mannfræði og fornleifafræði frá Háskólanum í Lundi og stundaði þar meðal annars fornleifauppgröft fyrir Malmö museum. Einnig stundaði hún nám í íslensku við Háskóla Íslands 1991 - 1992. Arnbjörg hefur unnið síðustu ár sem læknaritari, við prófarkalestur og þýðingar og á leikskóla.



Steinunn Jónasdóttir

hefur verið ráðin sem sérfræðingur á almennum sviði menntamálaráðuneytisins. Steinunn lauk stúdentsprófi frá

Menntaskólanum við Hamrahlíð og cand. mag. gráðu í mannfræði frá Háskólanum í Árósum vorið 2000. Hún mun gegna stöðu deildarstjóra þjónustudeildar í afleysingum næsta árið.

Víkingasýning í Washington

Glæsileg víkingasýning var opnuð í Smithsonian-safninu í Washington 27. apríl sl. í tilefni af þúsund ára afmæli landafunda norrænna manna í Ameríku. Sýningin sem ber heitið Víkingar: Saga Norður Atlantshafsins er með merkari viðburðum vestan hafs í tilefni landafundanna. Metaðsókn var að sýningunni í Washington og allir helstu fjölmiðlar í Bandaríkjunum hafa gert henni mjög góð skil.

Helstu söfn á Norðurlöndum og Bretlandi eiga hlut að sýningunni en

The National Museum of Natural History - Smithsonian Institution bar hitann og þungann af verkinu. Norræna ráðherranefndin og bifreiðafyrirtækið Volvo veittu umtalsverða styrki.

Hlutur Íslands er veglegur í sýningunni. Þjóðminjasafn Íslands og Stofnun Árna Magnússonar hafa lánað nokkrar af menningargersemum Íslendinga. Má þar nefna næluna frá Tröllaskógi, eina af fjölunum frá Flatartungu, sverðið sem fannst á Hrafnkeldal, tvö blöð

úr Eiríks sögu rauða, fjögur blöð úr Egilssögu Skallagrímssonar og Jónsbókarhandrit. Eftirlíking af Flateyjarbók er einnig til sýnis. Ljósmynd af víkingaskipinu Íslendingi prýðir forsiðu sýningararkrárinnar og íslenskir fræðimenn rita greinar um ýmsa þætti víkingatímans.

Víkingasýningin verður opnuð í American Museum of Natural History í New York 19. október næstkomandi en síðar flyst hún á næstu tveimur árum til Denver, Houston, Los Angeles og Ottawa.

Íslensk handrita- og bókasýning í Washington



Björn Bjarnason, menntamálaráðherra afhendir Richard W. Riley, menntamálaráðherra Bandaríkjanna, heildarútgáfu Íslendingasagna í enskri þýðingu

stjórnar Íslands að gefa á sjöunda hundrað bandarískum bókasöfnum eintak af heildarútgáfu Íslendingasagna í enskri þýðingu sem út kom fyrir fáum árum á vegum Bókaútgáfunnar Leifur Eiríksson. Richard W. Riley, menntamálaráðherra Bandaríkjanna, tók á móti gjöfinni fyrir hönd bandarísku þjóðarinnar. Gjöfinni er ætlað að beina athygli að þeim menningararfi sem sögurnar geyma, um leið og hún tengist þúsund ára minningu landafunda norrænna manna í Vesturheimi.

Sýningin *Stefnumót við íslenska sagnahefð* var opnuð af menntamálaráðherra Birni Bjarnasyni, þann 24. maí sl. í bandaríska þjóðbókasafninu, Library of Congress, sem er ein elsta og virtasta menningarstofnun Bandaríkjanna.

Á sýningunni, sem fyrr á árinu gaf að líta í Landsbókasafni Íslands - Háskólabókasafni, er íslensk sagnahefð og ritmenning kynnt með handritum, bókum og margmiðlunartækni. Dregið er fram hvernig bækur og ritaðir textar hafa verið örlagavaldar í sögu íslensku þjóðarinnar og hvernig það hefur varpað ljósi á hand-

ritauppskriftir og þróun prentlistar á Íslandi. Tuttugu handrit eru sýnd, flest úr Landsbókasafni Íslands, svo og handrit af Njáls sögu úr Stofnun Árna Magnússonar. Endurgerð af Flateyjarbók og af þremur skinnblöðum eru einnig á sýningunni.

Sýningin, sem er samstarfsverkefni Landsbókasafns Íslands, Cornell háskóla, Library of Congress og Manitoba háskóla, er nú til sýnis í Íþöku og verður síðar í Winnipeg og Scandinavia House í New York.

Við opnun sýningarinnar kynnti menntamálaráðherra ákvörðun ríkis-

Nýir embattismenn



Forstöðumaður Listasafns Einarssonar

Júlíana Guðrún Gottskálksdóttir hefur verið skipuð forstöðumaður

ur Listasafns Einarssonar til fimm ára frá 1. júní 2000. Júlíana er listfræðingur og arkitekt að mennt og gegndi áður starfi forstöðumanns safnasviðs Listasafns Íslands.

Afhending Nesstofusafns

Læknafélag Íslands afhenti ríkissjóði, f.h. Nesstofusafns, að gjöf fasteignina Bygggarða 7, Seltjarnarnesi, auk 12,6 milljóna króna þann 16. ágúst síðastliðinn.

Í gjafagerningi er kveðið á um að fasteignin Bygggarðar 7 skuli notuð fyr-

ir starfsemi og varðveislu muna Nesstofusafns og að fjármunum skuli varið til endurbóta á fasteigninni í samræmi við áætlað framtíðarskipulag lækninga-minjasafnsins Nesstofusafns. Framkvæmdir vegna þeirra endurbóta skuli

hefjast þegar á hausti komanda.

Forsaga gjafarinnar er sú að Jón Steffensen, prófessor emeritus, arfleiddi Læknafélag Íslands að tilteknum eignum með erfðaskrá dagsettri 24. júlí 1990. Var erfðaréttur Læknafélagsins bundinn því skilyrði að fénu yrði varið óskiptu til frágangs og innréttingar framtíðarhúsnæðis fyrir muni Nesstofusafns í þeim útihúsum Nesstofu, sem ríkið hafði keypt í þeim tilgangi, og að öðru leyti til hagsbóta fyrir Nesstofusafn, eftir þeim meginviðhorfum er fram komu í bréfi Jóns til menntamálaráðherra dagsettu 23. september 1972.

Nauðsynlegt þykir að endurbæta fasteignina að Bygggördum 7 svo hún fullnægi því hlutverki sem henni var ætlað. Mat liggur fyrir á því hverjar þær endurbætur þurfi að vera auk kostnaðaráætlunar.



Við undirritun samningsins í Nesstofu, Geir Haarde, fjármálaráðherra, Björn Bjarnason, menntamálaráðherra og Sigurbjörn Sveinsson, formaður Læknafélags Íslands, handsala samninginn.

Skipan Rannsóknarráðs Íslands

Skipunartími Rannsóknarráðs Íslands rann út 5. ágúst sl. Menntamálaráðherra hefur að höfðu samráði við ríkisstjórn og á grundvelli tilnefninga skipað eftirtalda einstaklinga í ráðið næstu þrjú ár:

Hafliði Pétur Gíslason, prófessor í eðlisfræði við raunvísindadeild Háskóla Íslands, formaður.

Dagný Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri IP fjarskipta, varaformaður.

Varamenn:

Anna Soffía Hauksdóttir, prófessor við verkfræðideild Háskóla Íslands.

Ásta Bjarnadóttir, starfsmannastjóri hjá Íslenskri erfðagreiningu hf.

Úr hópi sem tilnefndur er af æðri menntastofnunum, stjórnnum safna á vegum menntamálaráðuneytis og Vísindafélags Íslendinga:

Aðalmenn:

Kristín Ingólfssdóttir, prófessor í lyfjafraði

lyfsala við Háskóla Íslands.

Páll Hreinsson, prófessor í lagadeild Háskóla Íslands.

Allyson Macdonald, forstöðumaður Rannsóknarstofnunar Kennaraháskóla Íslands.

Varamenn:

Margrét Hallgrímsdóttir, þjóðminjavörður.

Lárus Thorlacius, prófessor í raunvísindadeild Háskóla Íslands.

Steingrímur Jónsson, prófessor í haffræði við Háskólann á Akureyri.

Úr hópi sem tilnefndur er af rannsóknastofnunum utan verkviðs menntamálaráðuneytis, svo og lækna ráðum Landspítala við Hringbraut og í Fossvogi:

Aðalmenn:

Edda L. Sveinsdóttir, deildarstjóri, Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins.

Ólafur G. Flóvenz, framkvæmdastjóri rannsókna, Orkustofnun.

Jón Heiðar Ríkhartsson, framkvæmda-

stjóri, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins.

Varamenn:

Gunnar Sigurðsson, yfirlæknir, Landspítala í Fossvogi.

Hallgrímur Jónasson, forstjóri Iðntækni-stofnunar Íslands.

Þóroldur Antonsson, fiskifræðingur, Veði-málastofnun.

Úr hópi sem tilnefndur er af Alþýðusambandi Íslands og Samtökum atvinnulífsins:

Aðalmenn:

Rúnar Bachmann, rafvirki.

Hilmar Janusson, þróunarstjóri Össurar hf.

Ingvar Kristinsson, framkvæmdastjóri Hugvits hf.

Varamenn:

Ingibjörg R. Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri LÍV.

Svavar Svavarsson, framleiðslustjóri Granda hf.

Haukur Magnússon, verkefnastjóri ÍAV.

Vel heppnað málþing um lestrarörðugleika og lesskimun

Rúmlega 300 manns tóku þátt í málþingi menntamálaráðuneytisins um lestrarörðugleika og lesskimun hinn 6. júní síðastliðinn sem haldið var að Borgartúni 6 í Reykjavík. Meðal þátttakenda voru kennarar af öllum skólastigum, foreldrar og ýmsir sérfræðingar sem láta sig lestrarmál varða. Mikil ánægja var meðal þátttakenda um hvernig til tókst með þingið, enda brýnt að leita leiða til að koma betur til móts við nemendur á öllum skólastigumsem eiga við lestrarörðugleika að stríða.

Markmiðið með málþinginu var að fá fram ólík sjónarmið og safna upplýsingum um stöðu lesskimunar hér á landi þannig að hægt væri með markvissum hætti að fylgja eftir markaðri stefnu ráðuneytisins sem staðfest er í aðalnámskrám grunn- og framhaldsskóla.

Á málþinginu flutti Björn Bjarnason, menntamálaráðherra ávarp. Þar kom m.a. fram að í þekkingar-, upplýsinga- og menntasamfélagi samtímans væri brýnna en nokkru sinni að gera sem flestum kleift að rækta og þróa hæfileika sína til að lesa ritað mál. Þó væri ekki liðinn fullur áratugur síðan lesblinda, eins og dyslexía er almennt nefnd á íslensku, var viðurkennd sem vandamál eða viðfangsefni í skólakerfi okkar. Viðurkenningin ein hefur vissulega skipt máli og margt gott hefur áunnist síðustu ár. Í nýju skólastefnunni var jafnframt lögð áhersla á að greina stöðu nemenda til að unnt væri að koma betur til móts við þarfir hvers og eins.

Á þinginu voru flutt ýmis athyglisverð erindi um ýmsa þætti lesskimunar og lestrarörðugleika, t.d. skilgreiningar á lestrarörðugleikum, aðferðir við að meta sértæka lestrarörðugleika, úrræði fyrir nemendur og greint frá ýmsum mats- og mælitækjum þar að lútandi. Rósa Eggertsdóttir, sérfræðingur við skólaþróunarvið Háskólans á Akureyri, dró á ágætan hátt saman hvað gera þurfi: „Það er kominn tími til að taka til endurskoðunar lestur og lestrarkennslu í heild sinni í grunnskólum landsins. Skýra stefnumótun þarf varðandi málefni lesamlaðra svo þeir geti notið náms. Hækka þarf almenn viðmunarmörk varðandi lesskilning og leshraða. Innleiða þarf meiri fjölbreytni í kennsluháttum og gagnger endurskoðun þarf að fara fram á hvernig mati er almennt háttað í lestri. Er



annað ásættanlegt en að veita nemendum þá bestu kennslu í lestri sem völ er á?”

Hægt er að nálgast ýmis gögn frá málþinginu á heimasíðu ráðuneytisins, www.mrn.stjr.is undir hnappnum „Annað efni“. Þar eru einnig ýmsar gagnlegar tengingar sem varða lesblindu.

Í kjölfar þingsins ákvað menntamálaráðherra að ganga til samninga við Guðmund B. Kristmundsson og Þóru Kristinsdóttur um að styrkja útgáfu á lesskimunarprófum fyrir 1. og 2. bekk grunnskóla sem þau hafa þýtt og staðfært að norskrir fyrirmynd og verða þau boðin grunnskólum til notkunar nú í vetur. Einnig fylgir ítarleg handbók til kennara um lestrarkennslu. Þess er vænst að prófin geti nýst skólum við að skipuleggja markvissa lestrarkennslu og viðeigandi stuðning við þá nemendur sem eiga í erfiðleikum með lestur.

Nýir embættismenn



Skólameistari Iðnskólans í Reykjavík

Baldur Gíslason hefur verið skipaður skólameistari Iðnskólans í Reykjavík til fimm ára frá 1. júní 2000. Baldur hefur meistarapróf í skólastjórnun og skólaþróun auk prófs frá Tækniskóla Íslands og prófs í uppeldis- og kennslufræði frá Kennaraháskóla Íslands.

Þá hefur Baldur meistarabréf í rafvirkjun. Baldur starfaði áður sem verkefnisstjóri hjá Prenttæknistofnun og hjá Starfsgreinaráði upplýsinga- og fjölmiðlagreina. Einnig hefur hann lagt stund á þróunarstörf hjá Margmiðlunarskólanum.

Athugun á réttarstöðu heyrnarlaustra og heyrnarskertra



bára

Í lok mars á þessu ári kynnti menntamálaráðherra skýrslu sem byggði á athugun á réttarstöðu heyrnarlaustra. Samþykkti ríkisstjórnin að stofna nefnd skipaða fulltrúum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis og félagsamálaráðuneytis undir forystu menntamálaráðuneytis, nefndin skyldi gera tillögu um lögbundinn rétt heyrnarlaustra til túlkajónustu, afmarka sérstaklega þann kostnað sem slíkri þjónustu fylgir og hver skuli standa straum af honum. Að mati menntamálaráðherra er þetta raunhæf leið að því markmiði að táknmálið hljóti viðurkenningu sem móðurmál heyrnarlaustra.

Menntamálaráðherra lét gera framangreinda athugun á réttarstöðu heyrnarlaustra vegna ályktunar Alþingis um stöðu íslenska táknmálsins sem samþykkt var hinn 11. mars 1999. Í ályktun Alþingis var menntamálaráðherra falið að gera athugun á réttarstöðu heyrnarlaustra hér á landi í samanburði við réttarstöðu heyrnarlaustra í nágrennalöndunum, með það að markmiði að tryggja

löndum, þ.e. í Finnlandi, Svíþjóð, Noregi og Danmörku. Jafnframt var réttarstaða heyrnarlaustra í þessum löndum borin saman og bent á leiðir sem mögulegar væru til að tryggja sem best stöðu íslenska táknmálsins. Samanburður á réttarstöðu heyrnarlaustra hér á landi og annars staðar á Norðurlöndum leiddi í ljós að Finnar hafa nokkra sérstöðu með því að táknmáli heyrnarlaustra er mörkuð sérstök réttarstaða í stjórnarskrá. Í Svíþjóð er farin sú leið að lögbinda tvítýngi heyrnarlaustra en í Noregi, Danmörku og hér á landi hefur fyrst og fremst verið farin sú leið efla menntun á sviði táknmáls auk eflingar túlkajónustu. Athugunin leiddi í ljós að á Ís-

landi hefur á sviði menntamála verið stigið stórt skref í þá átt að efla stöðu íslensks táknmáls heyrnarlaustra innan skólakerfisins bæði í aðalnámsskrám grunn- og framhaldsskóla. Þar er heyrnarlaustrum tryggður réttur til að öðlast menntun í táknmáli heyrnarlaustra og tekið sérstakt tillit til sérþarfa þeirra.

Með því hefur grunnur verið lagður til eflingar íslensks táknmáls.

Til að styrkja stöðu íslenska táknmálsins enn frekar er mikilvægt að efla túlkajónustu heyrnarlaustra hér á landi með því að tryggja sem best aðgang heyrnarlaustra að slíkri þjónustu og taka sérstaklega á kostnaðarþættinum í því sambandi.

Kveða þarf á um það í lögum með hvaða hætti ríkisvaldinu og eftir atvikum sveitarfélögum beri að standa straum af kostnaði við túlkajónustu í tengslum við notkun heyrnarlaustra á opinberri þjónustu og hugsanlega öðrum þáttum sem samtök heyrnarlaustra telja mikilvæg.

Skýrslan er birt í heild sinni í útgáfuskrá ráðuneytisins:

www.bella.mrn.stjr.is/utgafuskra

Nýir embættismenn



Skólameistari

Kvennaskólans í Reykjavík

Ingibjörg S. Guðmundsdóttir hefur verið skipuð skólameistari Kvennaskólans í Reykjavík til fimm ára frá og með 1. nóvember 2000.

Ingibjörg lauk BS prófi í stærðfræði frá Háskóla Íslands 1973. Hún hefur starfað við Kvennaskólann í Reykjavík, sem kennari frá 1973, yfirkennari 1985-1987 og aðstoðarskólameistari 1987-1997. Ingibjörg hefur gegnt starfi skólameistara frá 1. nóvember 1998.